

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. maí 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-6/2016:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 20. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á skóm, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að fá afhenta nýja skó.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 22. janúar sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og búrúst þau hinn 5. febrúar. Með bréfi, dags. 15. febrúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 29. febrúar. Engin frekari gögn búrúst nefndinni. Með bréfi, dags. 23. maí, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem fylgdu henni kemur fram að snemma árs 2015 keypti álitsbeiðandi skó í skódeild seljanda og staðgreiddi þá með reiðufé. Kostuðu skórnir á bilinu kr. 7-8.000. Segist álitsbeiðandi ekki hafa notað skónna fyrr en síðla sama ár. Eftir um mánaðar notkun hafi sólinn síðan losnað að hluta frá skónum. Segist álitsbeiðandi hafa farið með skóna í skódeild seljanda í Kringlunni, en þeir hafi sagt honum að þeir seldu ekki skó af þeirri gerð sem um ræddi, en álitsbeiðanda bent á að fara í verslun seljanda í Holtagörðum. Þar segist álitsbeiðandi hafa fengið sömu svör. Krefst álitsbeiðandi þess að fá afhenta aðra skó, ósvikna. Meðfylgjandi álitsbeiðni eru ljósmyndir af umræddum skóm. Engin kvittun fylgdi álitsbeiðni.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að seljandi vísi frá sér kvörtun álitsbeiðanda. Skórnir sem álitsbeiðandi hafi komið með til seljanda hafi ekki verið seldir af seljanda. Segist seljandi hafa leitað til birgja og annarra sem gætu hjálpað til við að finna uppruna skónna, en án árangurs. Segir seljandi að honum þyki miður að viðskiptavinur lendi í viðlíka aðstæðum og vonast félagið til að álitsbeiðandi fái úrlausn sinna mála.

V

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið kveðst álitsbeiðandi hafa keypt skó af seljanda í byrjun árs 2015 fyrir á bilinu kr. 7-8.000. Skórnir voru staðgreiddir með reiðufé og engin kvittun liggur

fyrir í málinu. Seljandi hafnar því að hafa selt álitsbeiðanda skóna og yfirleitt að hafa selt skó af þeirri gerð sem álitsbeiðandi kvartar undan. Gegn þessum mótmælum seljanda og án þess að fyrir liggi gögn sem staðfesta að skór álitsbeiðanda hafi verið keyptir í verslun seljanda, er enginn grundvöllur til að fjalla um gallakröfu álitsbeiðanda. Verður því að hafna kröfum hans.

VI
Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir